



Alþingi  
Kirkjustræti  
101 Reykjavík

Reykjavík, 30. apríl 2024  
2404110/0.4.1

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um sjúkraskrár nr. 55/2009 og breyting á lögum um landlækni og lýðheilsu nr. 41/2007 (miðlun sjúkraskrárupplýsinga milli landa).

Embætti landlæknis fagnar frumvarpi til laga um breytingu á lögum um sjúkraskrár og lögum um landlækni og lýðheilsu (miðlun sjúkraskrárupplýsinga milli landa). Eins og segir í inngangi frumvarpsins eru þessar lagabreytingar mikilvægur liður í undirbúningi Íslands vegna þátttöku í víðtæku Evrópsku samstarfi um miðlun skilgreindra lykilsjúkraskrárupplýsinga í heilbrigðisþjónustu yfir landamæri fyrir einstaklinga sem þurfa að sækja heilbrigðisþjónustu í öðru landi innan EES en þeir búa í. Á þetta jafnt við um Íslendinga sem þurfa að leita sér heilbrigðisþjónustu erlendis og erlenda ríkisborgara sem sækja þjónustu hérlendis, en mikil aukning hefur orðið í ferðamannastraum bæði Íslendinga til annarra landa Evrópu og erlendra ríkisborgara til Íslands á undanförunum árum.

Rafræn miðlun skilgreindra lykilupplýsinga úr sjúkraskrá er víðtækt verkefni sem unnið er að á milli ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu og er embætti landlæknis þátttakandi og styrkþegi í því verkefni. Um er að ræða verkefni á vegum MyHealth@ EU eHealth Digital Service Infrastructure (eHDSI) og er gert ráð fyrir að 25 Evrópulönd muni vera tilbúin að miðla slíkum lykilupplýsingum á öruggan og rafrænan hátt í heilbrigðisþjónustu yfir landamæri árið 2025 og er Ísland þar með talið.

Markmið verkefnisins er að auka gæði, öryggi og samfellu í heilbrigðisþjónustu ásamt auknu aðgengi að þjónustu, styðja við nýjungar á sviði heilbrigðisvísinda, bæta heilsu og koma í veg fyrir sjúkdóma ásamt því að vernda borgara fyrir heilsufarsógnum yfir landamæri.

Skilgreindar lykilupplýsingar úr sjúkraskrá eru m.a. almennar upplýsingar um sjúkling, upplýsingar um ofnæmi, lyf, bólusetningar, rannsóknaniðurstöður, sjúkdómsgreiningar, þungun, ígræði, skurðaðgerðir og meðferð.

Tímanlegur og öruggur aðgangur heilbrigðisstarfsmanna að lykilupplýsingum um heilsufar sinna sjúklunga getur skipt sköpum í meðferð sjúklings, þar sem slíkur aðgangur getur flýtt fyrir réttri sjúkdómsgreiningu og meðferð sjúklings. Auk þess stuðlar slíkur öruggur aðgangur að


aukinni samfellu í þjónustu sem aftur stuðlar að auknu öryggi og gæði í meðferð sjúklunga yfir landamæri.

Til þess að örugg miðlun slíkra upplýsinga úr sjúkraskrá sé möguleg þarf embætti landlæknis að setja upp og starfrækja landstengigátt sem tengist öðrum löndum Evrópska efnahagssvæðisins sem eru þátttakendur í þessu mikilvæga verkefni. Auk þess er nauðsynlegt að setja upp og starfrækja miðlægan gagnagrunn yfir lykilupplýsingar sjúklings. Með tilkomu miðlunar á fyrir fram skilgreindum lykilupplýsingum úr sjúkraskrá sjúklings gefst auk þess tækifæri til að veita heilbrigðisstarfsmönnum hér á landi betri yfirsýn yfir heilsufar sinna sjúklunga sem getur aftur stuðlað að betri samfellu og auknum gæðum heilbrigðisþjónustu. Auk þess munu landsbúar fá aðgang að sömu lykilsjúkraskrárupplýsingum á mínum síðum Heilsuveru. Heilsuvera verður einnig sá staður þar sem einstaklingur heimilar heilbrigðisstarfsmanni aðgang að sínum lykilupplýsingum úr sjúkraskrá við veitingu heilbrigðisþjónustu yfir landamæri.

Með verkefninu er brotið blað í heilbrigðisþjónustu yfir landamæri, þar sem hægt verður að deila fyrir fram skilgreindum lykilupplýsingum úr sjúkraskrá einstaklings til heilbrigðisstarfsmanna sem þurfa að sinna viðkomandi í öðru landi en heimalandi.

Embætti landlæknis hvetur Alþingi til að samþykkja þessar mikilvægu lagabreytingar, en ljóst er að með verkefninu mun Ísland skipa sér í röð meðal fremstu landa á alþjóðavísu í innleiðingu og veitingu stafrænnar heilbrigðisþjónustu yfir landamæri.

Virðingarfyllst,

  
Kjartan Hreinn Njálsson  
aðstoðarmaður landlæknis